

Ed.

94. Frumvarp til laga

[87. mál]

um breyting á lögum nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði.

Flm.: Geir Hallgrímsson, Steingrímur Hermannsson, Jón Árm. Héðinsson,
Helgi F. Seljan.

1. gr.

14. gr. laganna orðist svo:

1. Eigi má veiða lax í sjó.
2. Nú veiðist lax í sjó í veiðitæki, sem ætluð eru til veiði annarra fiska, og skal þá þeim, er veiðir, skylt að sleppa honum í sjó aftur.
3. Veiði göngusilungs í sjó skal hlíta sömu reglum sem veiði í ósöltu vatni, eftir því sem unnt er.
4. Rétt er ráðherra að takmarka eða banna veiði göngusilungs í sjó á tilteknum svæðum, enda æski veiðinotendur eða veiðifélag slíkrar friðunar og sýslunefnd mæli með henni eða bæjarstjórn, ef veiði er fyrir bæjarlandi.
5. Með sama skilorði og í 4. mgr. segir er ráðherra rétt að banna veiði fiska framan við árósa, þar sem hætta er á, að lax og silungur geti veiðst í veiði-útbúnað, sem ætlaður er til slíkrar veiði.

2. gr.

2. mgr. 94. gr. laganna orðist þannig:

Mat samkv. 1. mgr. og annað mat, sem getur í lögum þessum, skulu framkvæma 2 menn dómkvaddir af héraðsdómara, þar sem er vatn það, sem meta skal.

Héraðsdómari skal að jafnaði dómkveðja menn búsetta í öðru lögsagnarumdæmi, og skal annar þeirra vera vatnalíffræðingur. Héraðsdómari skal ráðfæra sig við veiðimálastjóra, en hann framkvæmir dómkvaðningu. Matsmenn skulu rökstyðja niðurstöður sínar. Nú varðar mat merkivatn milli lögsagnarumdæma, og ákveður þá ráðherra, hvaða héraðsdómari dómkveður matsmenn.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp samhljóða þessu var flutt seint á síðasta þingi, og vannst þá ekki tími til að afgreiða það.

Með frumvarpi þessu er lagt til að breyta gildandi lagaákvæðum varðandi undanþágu til laxveiði í sjó.

Eins og kunnugt er, hefur það verið yfirlýst stefna Íslendinga að leyfa ekki laxveiði í sjó. Frá þessari meginstefnu hefur þó verið vikið með undanþáguákvæði í lögunum um lax- og silungsveiði. Undanþáguákvæði þetta nær í framkvæmd að eins til örfárra aðila í landinu.

Í 14. gr. laganna um lax- og silungsveiði er þessi heimild orðuð þannig:

„Nú hefur laxveiði í sjó verið metin sérstaklega til dýrleika í fasteignamati því, er öðlaðist gildi árið 1932, eða tillit hefur verið tekið til hennar við ákvörðun fasteignaverðs í því mati, og er þá sú veiði leyfileg.“

Lagt er til í þessu frv. að fella niður þessa heimildareglu.

Þýðingarmikið er, að stefna Íslendinga sé skýr og án undantekninga í þessum efnunum. Mikill ágreiningur er í ýmsum löndum um veiði á laxi í sjó, og um reglur varðandi slíkar veiðar er oft tekist á æðihart á erlendum vettvangi, m. a. í fiskveiðistofnunum, sem Íslendingar taka þátt í.

Það veikir aðstöðu okkar Íslendinga varðandi þessi mál að hafa í okkar lögum undanþáguákvæði, sem heimila laxveiðar í sjó. Undanþáguregla þessi veikir einnig mjög aðstöðu til að halda uppi ströngu eftirliti með netaveiðum í sjó í nánd við veiðiár, en eins og kunnugt er, eru deilur um slíkar veiðar algengar.

Undanþága til laxveiða í sjó hefur staðið svo lengi, að ekki sýnist nein ástæða til að halda henni lengur.